

Breytingartillaga vegna texta í áfangaskjali¹

með skýringum

frá Gísli Tryggvason

Lagt fram á 13. fundi Stjórnlagaráðs, 16.6.2011

Utánríkismál

1. Samningar við önnur ríki og framsal ríkisvalds

Breytingartillaga	Ákvæði eftir breytingu ²	Ákvæði í áfangaskjali/fyrirliggjandi tillögu
<p>Heimilt er í því skyni að ná markmiðum um aukna samvinnu milli þjóða og sameiginlega réttarskipan með öðrum ríkjum eða til þess að tryggja alþjóðlegan frið og öryggi að framselja skilgreinda hluta valdheimilda, sem handhafar ríkisvalds fara með samkvæmt stjórnarskránni, í hendur yfirþjóðlegra stofnana sem Ísland á eða fær aðild að með samningi. Slíkt framsal getur þó ekki tekið til heimilda til þess að breyta stjórnarskrá þessari.</p> <p>Framsal samkvæmt 1. mgr. skal ákveðið með lögum þannig að a.m.k. 3/4 þingmanna greiði slíku lagafrumvarpi atkvæði sitt. Náist slíkur aukinn meirihluti ekki en einfaldur meirihluti þingmanna greiðir slíkri tillögu þó atkvæði sitt má í kjölfarið bera tillöguna óbreytta undir bindandi þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar þar sem einfaldur meirihluti kjósenda ræður úrslitum.</p> <p>Framsal slíkra valdheimilda er ávallt afturkræft eftir sömu reglum og greinir í 2. mgr.</p> <p>Ákvæði þessarar greinar eiga ekki</p>	<p>Heimilt er í því skyni að ná markmiðum um aukna samvinnu milli þjóða og sameiginlega réttarskipan með öðrum ríkjum eða til þess að tryggja alþjóðlegan frið og öryggi að framselja skilgreinda hluta valdheimilda, sem handhafar ríkisvalds fara með samkvæmt stjórnarskránni, í hendur yfirþjóðlegra stofnana sem Ísland á eða fær aðild að með samningi. Slíkt framsal getur þó ekki tekið til heimilda til þess að breyta stjórnarskrá þessari.</p> <p>Framsal samkvæmt 1. mgr. skal ákveðið með lögum þannig að a.m.k. 3/4 þingmanna greiði slíku lagafrumvarpi atkvæði sitt. Náist slíkur aukinn meirihluti ekki en einfaldur meirihluti þingmanna greiðir slíkri tillögu þó atkvæði sitt má í kjölfarið bera tillöguna óbreytta undir bindandi þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar þar sem einfaldur meirihluti kjósenda ræður úrslitum.</p> <p>Framsal slíkra valdheimilda er ávallt afturkræft eftir sömu reglum og greinir í 2. mgr.</p> <p>Ákvæði þessarar greinar eiga ekki</p>	<p>Samningar við önnur ríki</p> <p>Ráðherra gerir alþjóðasamninga fyrir hönd ríkisins. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi, landhelgi eða breytingar á landslögum, eða eru mikilvægir af öðrum ástæðum nema samþykki Alþingis komi til.</p> <p>Framsal ríkisvalds</p> <p>Heimilt er að gera alþjóðasamninga sem fela í sér framsal ríkisvalds til alþjóðlegra stofnana sem Ísland á aðild að í þágu friðar og efnahags-samvinnu. Framsal ríkisvalds skal ávallt vera afturkræft. Með lögum skal afmarka nánar í hverju framsal ríkisvalds samkvæmt alþjóðasamningi felst. Þegar tillaga um fullgildingu samnings sem felur í sér framsal ríkisvalds hefur verið samþykkt af Alþingi skal ákvörðunin borin undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar.</p>

¹ Vinnu við áfangaskjalið lýkur ekki fyrr en drög að frumvarpi liggja fyrir. Allar greinar þess geta því tekið breytingum, einnig samþykktar tillögur.

² Grænt letur og undirstrikað gefur til kynna breytingu eða viðbót miðað við fyrirliggjandi texta.



við um þátttöku Íslands í alþjóðastofnunum sem taka ákvarðanir sem einungis hafa þjóðréttarlega þýðingu gagnvart Íslandi.	við um þátttöku Íslands í alþjóðastofnunum sem taka ákvarðanir sem einungis hafa þjóðréttarlega þýðingu gagnvart Íslandi.	
---	---	--

Skýring: Með þessu má greina á milli *mikilvægra mála* - sem 3/4 (eða 2/3) þingmanna þyrfti til að samþykkja framsal á - og *grundvallarmála* - sem þjóðin ákvarðar sbr. aðild að Evrópusambandinu.